

1049. Stjórnarfundur VR

Haldinn fimmtudaginn 5. október 2010 kl. 12:00, Kringlunni 7, 1. hæð.

Mættir: Kristinn Örn Jóhannesson (KÖJ), Benedikt Vilhjálmsson (BV), Bergur Þór Steingrímsson (BÞS), Bjarki Steingrímsson (BS), Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir (GJÓ), Hildur Mósedóttir (HM), Ingibjörg Ósk Birgisdóttir (IÓB), Jón Magnússon (JM), Óskar Kristjánsson (ÓK), Ragnar Þór Ingólfsson (RÞI), Sigurður Sigfússon (SS) og Árni Leósson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

2. Efnahags- og kjaramál

Umræður. Formaður lagði fram drög að ályktun.

HM lagði til að önnur málsgrein í tillögu KÖJ yrði felld á brott.

Var það borið undir atkvæði og samþykkt og hljómar ályktunin því þannig:

*„Stjórn VR krefst sanngími
"Í fjárlagafrumvarpi stjórnvalda fyrir árið 2011 er vegið að velferð og jafnrétti í íslensku samfélagi. Sparnaðartillögur stjórnvalda bitna enn og aftur á þeim sem þegar bera þyngstu byrðarnar, láglaunafólki og barnafjölskyldum.*

Stjórn VR mótmælir harðlega rangri forgangsröðun stjórnvalda og krefst þess að stjórn og þing leiti nýrra leiða til að rétta við reksturinn. Verði haldið áfram á þeirri braut sem mörkuð er í fjárlagafrumvarpinu stígum við skref aftur til fortíðar í stað þess að líta til framtíðar.

Stjórn VR, 5. október 2010"

Tillagan var samþykkt.

- Umræður

BÞS bar fram eftirfarandi tillögu:

*„Stjórnarfundur VR 5/10 2010
Stjórn VR lýsir yfir stuðningi við kröfur Hagsmunasamtaka heimilanna um aðgerðir til lausnar skuldavanda heimilanna.
Bergur Steingrímsson“*

Tillagan var samþykkt.

3. Önnur mál

Formaður óskar eftir heimild fundarins til að fresta borgarafundi VR. Samþykkt

Fleira ekki gert